

Nr. 051 / 12 Nafni SH 151**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1606
Smíðaður: Kópavogi 1982 plast
Stærð: 4,59 brl. 4,78 bt.
Mesta lengd: 7,80 m Skráð lengd: 7,59 m
Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,17
Vél: Bukh 35 kW, 1982
Fjöldi skipverja: 1



Nafni©Ófeigur Lýðsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4 júní 2012 var Nafni SH 151 á handfæraveiðum í Skerbrún á Breiðafirði. Veður: A 7 m/sek.

Þegar skipstjóri ætlaði að gangsetja vélina startaði hún ekki og við nánari skoðun reyndust rafgeymar of straumlitlir. Hann óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Björg dró Nafna SH til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að raflögn í rafala fór og hlóð því ekki inn á rafgeymanna. Bátsverjinn reyndi að víxla á milli geyma en það gekk ekki;
- að tveir rafalar voru um borð, annar á 24V rafgeymi fyrir veiðibúnað (rúllu) og hinn á 12V rafgeymi fyrir neyslu og start.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.